

Jón Kristjánsson,  
Veiðimálastofnun.

1981

Silungsrannsóknir í Flókadalsvatni, ágúst 1981.

Vatnasvæðið.

Flókadalsá sem er köld dragá, fellur í gegn um Flókadalsvatn sem er ca 65 ha að stærð og fremur grunnt. Frá Flókadalsvatni eru um 800 metrar niður í annað vatn, Flóðið, og er fallið á leiðinni 13 m. (halli 1/60). Flóðið er 85 ha, og grunnt. Úr því liggur nokkurra metra árstubbur niður í sjó. Bleikja er um allt vatnasvæðið svo langt sem fiskgengt er, bæði göngufiskur og staðbundinn stofn. Urriði er í Flókadalsvatni niður að sjó, en fer sennilega ekki ofar. Laxaseiði munu alast upp í ánni milli vatna og fullorðinn lax gengur inn í Flókadalsvatn og bíður þar hrygningar. Ástæðan fyrir því að lax (og urriði) elst upp í ánni fyrir neðan Flókadalsvatn, en ekki þar fyrir ofan er að sjálfsögðu sú, að vatnið framleiðir næringu (plöntu og dýrasvif) sem kemur útrennslinu beinlínis til góða og gera það vænlegt til búsetu fyrir lax og urriða. Bleikjan er harðgerðari og getur notfært sér þau kröppu kjör sem bjóðast í innrennslisánni.

Rannsóknarniðurstöður.

26. ágúst voru lögð 9 net í Flókadalsvatn. Netin voru lögð norðantil í vatnið á mismunandi dýpi. Þau voru lögð um kl. 11 um morguninn í logni og blíðskaparveðri. Fiskur vakti mikið um allt vatn, þó áberandi meira á grunni vatni. Vitjað var um netin kl. 20.00 og var þá kominn sunnan kaldí.

Afli varð sem hér segir:

Möskvastæða mm á legg	Afli	
	Bleikja	Urriði
62	0	0
52		2
45	1	
40	6	
35	6	
29	4	1
21	9	
20	8	
19	6	
Samt. 9 net	40 bleikjur	3 urriðar

Urriðarnir voru 46,5-55,5 cm langir og við aldursgreiningu reyndust þeir allir 8 vetra gamlir, vöxtur þeirra er sýndur á mynd 1.

Bleikjurnar voru frá 21-38 cm, og 90-500 g. að þyngd. Þær voru allar horaðar, dökkar og fremur hausstórar, en það er dæmigert útlit á vannærðum gömlum fiski.


Aldursgreining bleikjunnar staðfesti þetta. Helmingur aflans var eldri en níu vetra, sú elsta 17 vetra. Niðurstöður sjást í mynd 2, og kemur þar fram að vöxtur staðnar á bilinu 28-34 cm. Ekkert benti til þess að bleikja þessi hefði nokkru sinni gengið í sjó, en að sögn mun vera nokkuð af sjóbleikju á vatnasvæðinu.

#### Nýting vatnasvæðisins.


Niðurstöður sýna ótvírætt að Flókadalsvatn a.m.k. er ofsetið bleikju, enda hefur enginn veiði verið stunduð þar s.l. 10 ár. Eina þekkt aðferðin til bóta er að veiða, og veiða mikið. Úr Flókadalsvatni þarf að taka a.m.k. 1 tonn á ári og sennilega væri skaðlaust að veiða/magn í Flóðinu. <sup>svipað</sup> Reynslan verður þó að skera úr um þetta. Heppileg möskvastærð neta er um 26-29 mm á legg (24-20 cmf/alín) og hæfilegt ætti að vera að nota 10-20 net á dag í hvoru vatni fyrir sig. Verði farið að nýta svæðið með netaveiði mun Veiðimálastofnunin að sjálfsögðu fylgjast með framvindu fiskstofnsins og gefa ráð um nýtingu á hverjum tíma.

Nokkrar hömlur hafa jafnan verið á netaveiðum í vötnum þar sem lax gengur um, og það hefur staðið nýtingu þeirra fyrir þrifum.


Aform munu vera uppi um að nýta vatnasvæðið til hafbeitar með lax. Þá verður væntanlega komið upp fastri veiðivél í sjávarósnum, og verður þess vegna auðveldara að stunda netaveiðar á staðbundna silungastofna.




MYND 1 Flókadalsvatn 26 ágúst  
1981. Vöxtur á 3, 8 vetra  
urridum.




MYND 2 : Flókadalshvatn 26 ágúst 1981.  
 Medalvöxtur bleikju



MYND 2 : Flókadalssvatn 26 ágúst 1981.  
 Medalvöxtur bleikju



Haganesvík



1:100 000

